

ABLLS-R (Assessment of Basic Language and Learning Skills – Revised)

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað fagfólki sem starfar við ráðgjöf, þjálfun eða kennslu barna með þroskafrávik og hefur reynslu af því að veita heildstæða snemmtæka atferlisíhlutun.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi þátttakenda 10.

Lýsing

ABLLS-R er námskrártengt matstæki sem nýtist til að gera einstaklingsáætlun fyrir 3-9 ára börn sem fá heildstæða snemmtæka atferlisíhlutun vegna einhverfu eða annarra þroskafrávik. Með ABLLS-R er unnt að meta og greina málfærni og aðra þætti er skipta máli fyrir nám barnsins og þátttöku til dæmis við leik, sjálfshjálp og hreyfiathafnir. Könnuð er færni á 25 þáttum, samtals 544 atriðum. Með svo nákvæmu matstæki fæst skýr mynd af stöðu barnsins og upplýsingar um hvaða færni er rétt að vinna með. Með notkun ABLLS-R er hægt að „klæðskerasníða“ einstaklingsnámskrá að getu og færni barnsins. Hér er um að ræða leiðbeinandi tæki sem gefur sjónrænt til kynna stöðu barns og veitir gott yfirlit yfir framfarir.

Námskeiðinu er skipt í fjóra hluta sem dreifast yfir átta mánaða tímabil (ætlast er til að þátttakendur taki þátt í þeim öllum). Farið verður yfir skipulag ABLLS-R, áhrif á kennslu auk þess sem þátttakendum er kennt að fylla út listann og nýta upplýsingarnar við gerð einstaklingsáætlunar og við markmiðasetningu. Fjallað verður um notagildi í ráðgjöf og til að ákveða næstu skref þjálfunar. Þátttakendur fylla út ABLLS-R, finna markmið, búa til einstaklingsnámskrá fyrir eitt barn og endurmeta að loknu sex mánaða tímabili.

Markmið

Að þátttakendur:

- þekki til uppbyggingar ABLLS-R listans
- geti lagt hann fyrir og nýtt niðurstöður við gerð einstaklingsáætlunar og markmiðasetningar
- geti greint málfærni barna út frá áherslum atferlisgreiningar

Umsjón

Bára Kolbrún Gylfadóttir atferlisfræðingur.